

Eftirlit - Flokkun og merking - Hættulegar vörur til þrifa bifreiða - Múrbúðin

Dagsetning	11.04.2022
Fyrirtæki	Múrbúðin ehf.
Heimilisfang	Kletthálsi 7, 110 Reykjavík
Kennitala	5610002710
Starfsemi	Smásala á járn- og byggingarvöru í sérvörslunum
Eftirlitsstaður	Kletthálsi 7, 110 Reykjavík
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Haukur Þorsteinnsson
Eftirlitsmenn	Fífa Konráðsdóttir/ Bergdís Björk Bæringsdóttir/ Ísak Sigurjón Bragason
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Kári Steinar Lúthersson

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með efnavöru hjá Múrbúðinni ehf. þann 11.4.2022. Skoðuð var ein vara, Deka Tjöru- og olíuhreinsir (4L) sem reyndist ekki uppfylla kröfur sem settar eru fram í þeim lögum og reglugerðum sem falla undir umfang eftirlitsins.

MERKING HUGTAKA OG SKAMMSTAFANIR

Merking eftirfarandi hugtaka og skammstafana sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

CLP: Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og efnablandna sem innleidd er í reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna¹.

Hættuflokkun/flokkun: Flokkun skv. viðeigandi ákvæðum CLP um mat á þeim áhættum sem fylgja notkun tiltekins efnis eða efnablöndu.

REACH: Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni sem innleidd er í reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH)².

FLOKKUN

¹ Samsett reglugerð nr. 415/2014 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/samsett-reglugerd-nr-415-2014.html>

² Samsett reglugerð nr. 888/2015 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/REACH/samsett-reglugerd-nr-888-2015.html>

Í CLP og viðaukum við hana má finna upplýsingar og leiðbeiningar um það hvernig ber að flokka og merkja efni og efnablöndu. Efni má eingöngu markaðssetja ef búið er að flokka það samkvæmt reglugerðinni eða staðfesta að efnið sé ekki hættulegt í skilningi hennar. Samræmd flokkun efna (opinberi listinn) yfir efni sem flokkuð hafa verið sem hættuleg er birt í töflu 3 í 3. hluta VI. viðauka við CLP. Hann er líka að finna í *flokkunar- og merkingaskrá ECHA*³ en þar er enn fremur til staðar flokkun annarra efna sem er byggð á tilkynningum frá framleiðendum og innflytjendum. Þeir sem eiga að tilkynna í flokkunar- og merkingarskrá ECHA eru framleiðendur hreinna efna, innflytjendur hreinna efna frá löndum utan EES, framleiðendur efnablandna sem flytja inn hráefni frá löndum utan EES og innflytjendur efnablandna frá löndum utan EES. Efni skal hættuflokka í samræmi við samræmda flokkun sé hún fyrirbyggjandi.

Efnablöndur ber að flokka í samræmi við CLP. Það má gera með því að nota:

- upplýsingar um flokkun innihaldsefna blöndunnar til að reikna út hættuflokkun hennar í samræmi við I. viðauka. Til að meta hvort flokkun blöndunnar sé í samræmi við reglugerðina hvað þetta varðar þarf Umhverfisstofnun að fá upplýsingar um þá flokkun á innihaldsefnum sem stuðst er við samkvæmt ofangreindri flokkunar- og merkingarskrá ásamt styrkleika þeirra.
- gögn tiltæk um prófanir fyrir blönduna sem réttlæta flokkun hennar, sbr. 2.-3. mgr. í 9. gr. CLP. Til að nota þá aðferð þarf Umhverfisstofnun að fá gögnin sem um ræðir til að meta réttmæti flokkunarinnar.
- líkindi við aðrar samsvarandi blöndur, s.k. brúunarregla (e. bridging principle), sbr. I. viðauka, liður 1.1.3. Hér þarf að liggja fyrir frá framleiðandanum nákvæmlega hvaða blöndu stuðst er við hvað þetta varðar ásamt forsendum fyrir flokkun hennar, sbr. framangreint.

MERKING

Í 32. gr. efnalaga, 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 og 1. kafla III. bóls í CLP eru ákvæði um merkingar efnavara. Af þeim ákvæðum leiðir að birgjar skulu tryggja að efni og efnablöndur sem eru tilbúin til notkunar séu merkt í samræmi við hættuflokkun þeirra. Texti merkinganna er varðar hættusetningar, varnaðarsetningar og viðvörðunarorð skal vera á íslensku með ákveðnum undantekningum sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 en eiga ekki við um þær vörur sem hér eru til skoðunar.

Eftirfarandi atriði þurfa að koma fram á merkimiða í samræmi við framangreindar kröfur sbr. neðangreindar vísanir í einstök ákvæði CLP.

- Nafn, heimilisfang og símanúmer birgjis eða birgja í samræmi við a)-lið 1. mgr. 17. gr. Birgir er skilgreindur sem framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifingaraðili sem setur á markað efni, eitt sér eða í blöndu, eða setur blöndu á markað.
- tilgreint magn efnisins eða blöndunnar í vöru sem er tiltæk almenningi (t.a.m. rúmmál) í samræmi við b)-lið 1. mgr. 17. gr.
- Vörukenni í samræmi við c)-lið 1. mgr. 17. gr. og 18. gr. Vörukenni eru upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á efnið eða blönduna.
 - Í tilfelli efnis: efnaheiti og CAS/EB(EC) númer þess.
 - Í tilfelli blöndu: vöruheiti og heiti allra þeirra efna í blöndunni sem hafa áhrif á flokkun hennar að því er varðar bráð eiturhrif, húðætingu eða alvarlegan augnskaða, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, krabbameinsvaldandi áhrif, eiturhrif á æxlun,

³ Slóð að flokkunar- og merkingaskrá Efnastofnunar Evrópu: <https://echa.europa.eu/web/guest/information-on-chemicals/cl-inventory-database>

næmingu öndunarfæra eða húðnæmingu, sértæk eiturhrif á marklíffæri (SEM) eða ásvelgingarhættu.

- Hættumerki í samræmi við d)-lið 17. gr. og 19. gr. og töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka.
- Viðvörðunarorð (*Varúð* eða *Hætta*) í samræmi við e)-lið 17. gr. og 20. gr.
- Hættusetningarnar í samræmi við f)-lið 17. gr. sbr. 21. gr.
- Varnaðarsetningarnar í samræmi við g)-lið 17. gr. sbr. 22. gr.
- Reitur fyrir viðbótarkerkingar ef við á sbr. 17. gr. og 25. gr.

Fylgja skal töflu 1 varðandi stærð hættumerkinga og rými á umbúðum undir þær.

Tafla 1: Kröfur um lágmarksstærð merkimiða og hættumerkja. Taflan samsvarar töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka við CLP með síðari breytingum.


Rúmmál umbúðanna	Stærð merkimiðans (mm)	Stærð hvers hættumerkis (mm)
ekki umfram 3 lítra	a.m.k. 52 × 74, ef unnt er	ekki minna en 10 × 10 a.m.k. 16 × 16, ef unnt er
meira en 3 lítrar en ekki meira en 50 lítrar	a.m.k. 74 × 105	a.m.k. 23 × 23
meira en 50 lítrar en ekki meira en 500 lítrar	a.m.k. 105 × 148	a.m.k. 32 × 32
meira en 500 lítrar	a.m.k. 148 × 210	a.m.k. 46 × 46

ATH: Við mælingu á stærð hættumerkis skal miða við lengd á hliðum merkisins eins og sýnt er á mynd 1 sbr. kafla 4.3.2 í leiðbeiningarriti ECHA um merkingar og umbúðir í samræmi við CLP.⁴

KRÖFUR UM SÉRSTAKAR MERKINGAR FYRIR ÞVOTTA- OG HREINSIEFNI

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni skulu merkingar þvotta- og hreinsiefna, sbr. 11. gr. reglugerðar (EB) 648/2004 vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Falli tiltekið efni eða efnablanda undir gildissvið reglugerðar um þvotta- og hreinsiefni gilda ákvæði CLP um merkingar hættulegra efna og efnablandna sem fyrr en til viðbótar koma til eftirfarandi merkingarskilyrði varðandi þvotta- og hreinsiefni sem seld eru almenningi:

- Tilgreina skal magn innihaldsefna sem talin eru upp í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 648/2004 ef þeim er bætt við í styrk yfir 0,2% miðað við þyngd. Magnið skal gefa upp með einu af eftirfarandi styrkbilum:
 - < 5%



⁴ Guidance on labelling and packaging in accordance with Regulation (EC) No 1272/2008 á vef ECHA (PDF): https://echa.europa.eu/documents/10162/23036412/clp_labelling_en.pdf/89628d94-573a-4024-86cc-0b4052a74d65

- ≥ 5% - < 15%
- ≥ 15% - < 30%
- ≥ 30%
- Tilgreina skal innihaldsefni úr eftirfarandi flokkum þrátt fyrir að styrkurinn sé undir 0,2%:
 - ensím
 - sóttthreinsiefni
 - ljósvirk bleikiefni
 - ilmefni
 - rotvarnarefni
- Ef ofnæmisvaldandi ilmefnum sem finna má á lista í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur er bætt við í styrk yfir 0,01 % miðað við þyngd skal tilgreina þau á umbúðum með INCI heitum.
- Gefa skal upp veffang þar sem nálgast má gagnablað yfir innihaldsefni.
- Veita skal leiðbeiningar um notkun og sérstakar varúðarráðstafanir ef þörf krefur.

Jafnframt gilda ákveðnar kröfur varðandi skammtastærðir taupvottaefna en þess konar vörur féllu ekki undir umfang þessa eftirlits og verða þær því ekki raktar hér.

ÖRYGGISLOK

Ákvæði um barnheld öryggislok er a finna í lið 3.1 í II. viðauka CLP. Skylt er að setja öryggislok á umbúðir vöru sem flokkast m.t.t. eftirfarandi flokka (viðeigandi hættusetningar fylgja í sviga):

- bráð eiturrif - 1. til 3. undirflokkur (H300, H301, H302, H310, H311, H330, H331).
- sértæk áhrif á marklíffæri (SEM) - 1. undirflokkur (H370, H372).
- ásvelgingarhætta - 1. undirflokkur (H304).
- húðæting - 1. undirflokkur (H314).
- Einnig á vörur með metanóli (3% eða meira) eða díklórmetani (1% eða meira).

Fylgja skal staðlinum EN ISO 8317 á endurlokanlegar umbúðir og CEN EN 862 á umbúðir sem eru ekki endurlokanlegar þegar nota skal barnheld öryggislok.

ÁÞREIFANLEGAR VIÐVARANIR

Ákvæði um áþreifanlegar viðvaranir er að finna í lið 3.2 í II. viðauka CLP. Skylt er að setja áþreifanlega viðvörðun á umbúðir vöru sem flokkast m.t.t. eftirfarandi flokka (viðeigandi hættusetningar fylgja í sviga):

- bráð eiturrif - 1. til 4. undirflokkur (H300, H301, H302, H310, H311, H312, H330, H331, H332).
- húðæting (H314).
- stökkbreytandi áhrif á kímfrumur - 2. undirflokkur (H341).
- krabbameinsvaldandi áhrif - 2. undirflokkur (H351).
- eiturrif á æxlun - 2. undirflokkur (H361).
- næming öndunarfæra (H334).
- sértæk áhrif á marklíffæri (SEM) - 1. og 2. undirflokkur (H370, H371, H372, H373).
- ásvelgingarhætta (H304).
- eldfimar lofttegundir, vökvar og föst efni - 1. og 2. undirflokkur (H220, H221, H224, H225, H228).

Áþreifanlegar viðvaranir skulu uppfylla kröfur staðalsins EN ISO 11683 með áorðnum breytingum.

ÖRYGGISBLÖÐ

Um öryggisblöð er fjallað í 30. gr. efnalaga nr. 61/2013, 5. gr. reglugerðar nr. 888/2015 og 31. gr. REACH. Kröfur um samantekt öryggisblaða er að finna í II. viðauka við REACH með síðari breytingum.

Öryggisblöð skulu fylgja efnavörum sem flokkast sem hættulegar skv. ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna⁵. Þau skulu vera á íslensku eða ensku (athugið að þrátt fyrir að í 5. gr. reglugerðar nr. 888/2015 segi að einungis sé heimilt að öryggisblöð séu á íslensku heimila efnalög einnig að blöðin séu á ensku). Kröfur um innihald og snið öryggisblaða eru settar fram með ítarlegum hætti í II. viðauka við REACH. Aðgengilegast er að nálgast viðaukann með síðari breytingum á íslensku í þýðingu reglugerðar (ESB) 2020/878 á vef EFTA.⁶ Í þessari nýjustu útgáfu II. viðauka við REACH hafa kröfur verið auknar en um að má lesa nánar á vef Umhverfisstofnunar.⁷ Öryggisblöð sem standast kröfur eldri útgáfu viðaukans, sem nálgast má í reglugerð (ESB) 2015/830⁸, mega vera í dreifingu þar til 31. desember 2022. Eftir það verða öll öryggisblöð að uppfylla nýjustu kröfur.

Öryggisblöð eiga að gera lesanda þeirra grein fyrir hættu sem stafar af efni eða blöndu og upplýsa um örugga geymslu, meðhöndlun og förgun efnisins eða blöndunnar. Öryggisblöð skulu vera í 16 liðum með mismörgum undirliðum eins og nánar er útlistað í framangreindum viðauka. Meðal þess sem koma skal fram í öryggisblöðum er:

- upplýsingar um viðeigandi og tilgreinda notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá (liður 1.2),
- símanúmer Eitrunarmiðstöðvar LSH (liður 1.4),
- flokkun efnisins eða blöndunnar skv. flokkunarviðmiðum í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (liður 2.1),
- merkingaratriði í samræmi við flokkunina sem birta skal á umbúðum vörunnar (liður 2.2),
- ýmsar upplýsingar um innihaldsefni í tilfelli efnablandna (liður 3.2),
- viðeigandi persónuhlífar við vinnu með vöruna (liður 8.2.)
og margt fleira.

Fyrir heildarlýsingu krafna til innihalds öryggisblaða vísast sem fyrr segir í II. viðauka við REACH. Í þessu eftirliti voru öryggisblöð rýnd með tilliti til krafna hvað varðar liði 1, 2, 3 og 16 með undirliðum sbr. nánari útlistun að neðan.

Eftirfarandi atriði skulu koma fram í öryggisblöðum í viðeigandi undirliðum eins og viðaukinn mælir fyrir um. Athugið að hér er aðeins útlistaður sá hluti krafanna sem tekinn var til skoðunar í þessu eftirlitsverkefni og að einungis er fjallað um kröfur sem snúa að efnablöndum þar sem umfang eftirlitsins nær ekki til hreinna efna.

1. LIÐUR: Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni í samræmi við kröfur CLP sem lýst var hér að ofan undir kaflanum um *Merkingar*.

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá. Hér skal koma fram stutt lýsing á fyrirhugaðri notkun efnisins/blöndunnar (dæmi: *hreinsiefni fyrir gler og plast*) og hér

⁵ Samsett reglugerð nr. 415/2014 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/samsett-reglugerd-nr-415-2014.html>

⁶ Íslensk þýðing II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH) á vef EFTA: <https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32020R0878.pdf>

⁷ Um nýjar kröfur varðandi öryggisblöð á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/atvinnulif/efni/oryggisblod/nyjar-krofur-varðandi-oryggisblod>

⁸ Eldri gerð II. viðauka við REACH á vef EFTA: <https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32015R0830.pdf>

skal birgirinn taka fram hvaða notkun hann mælir gegn og ástæður þess eftir atvikum. Skrá yfir notkun sem mælt er gegn þarf ekki að vera tæmandi.

1.3 Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins. Undir þessum lið skulu koma fram fullt heimilisfang og símanúmer birgisins, auk tölvupósts þar til bærs aðila sem ber ábyrgð á öryggisblaðinu. Birgir getur í þessu samhengi vísað til framleiðanda, innflytjanda, staks fulltrúa, eftirnotanda eða dreifingaraðila.

1.4 Neyðarsímanúmer. Á öryggisblöðum skal koma fram símanúmer Eitrunarmiðstöðvar Landspítala: 543 2222. Til viðbótar má gefa upp almenna neyðarnúmerið 112, en það getur ekki komið í stað símanúmers Eitrunarmiðstöðvar.

2. LIÐUR: Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar. Hér skal koma fram flokkun blöndunnar í samræmi við CLP sem lýst var hér að ofan undir kaflanum um *Flokkun*.

2.2 Merkingaratriði. Undir þessum lið skal tilgreina merkingaratriði í samræmi við ákvæði CLP og hættuflokkun blöndunnar. Hér skulu því koma fram: hættumerki, viðvörðunorð, hættusetning eða -setningar og varnaðarsetning eða -setningar eftir því sem við á. Nánari útlistun á merkingaratriðum má sjá hér að ofan undir kaflanum *Merking*.

2.3 Aðrar hættur. Hér skal upplýsa um hvort blandan uppfyllir viðmið um svokallaða PBT-eiginleika (þ.e. inniheldur efni sem eru þrávirk, safnast fyrir í lífverum og eru eitruð) eða vPvB-eiginleika, (þ.e. inniheldur efni sem eru mjög þrávirk og safnast fyrir í lífverum í miklum mæli). Hér skal einnig veita upplýsingar um aðrar hættur sem ekki teljast til flokkunareiginleika en geta átt þátt í þeim heildarhættum sem stafa af blöndunni.

3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

3.2 Blöndur. Athugið að undirfyrirsögnin *3.1 Efni* er sú eina sem heimilt er að sleppa í öryggisblöðum fyrir efnablöndu. Þegar um hrein efni er að ræða er sá liður notaður en þessum lið, *3.2 Blöndur*, sleppt í staðinn. Undir þessum lið skulu koma fram margvíslegar upplýsingar varðandi tiltekin innihaldsefni blöndunnar. Birgjum er heimilt að skrá upplýsingar um öll efnin í blöndunni ef þeir kjósa svo en skylt er að veita upplýsingar um ákveðin innihaldsefni sem hér segir.

- Ef blandan flokkast sem hættuleg:
 - efni sem flokkast sem hættuleg ef styrkur þeirrar er meiri en ýmis styrkleikamörk sem tilgreind eru nánar í lið 3.2.1.a) í A-hluta II. viðauka við REACH
 - efni sem falla undir viðmiðunarmörk fyrir váhrif á vinnustöðum sbr. reglugerð nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum
 - efni með PBT- eða vPvB-eiginleika sbr. framangreint eða sem eru á listanum yfir efni sem kunna að verða skráð í XIV. viðauka (e. candidate list)
- Ef blandan flokkast ekki sem hættuleg:
 - efni sem eru í blöndunni í styrk sem nemur 1% miðað við þyngd í blöndum sem ekki eru loftkenndar og 0,2% miðað við rúmmál í loftkenndum blöndum ef viðkomandi efni
 - er hættulegt heilbrigði manna eða umhverfi í skilningi CLP
 - fellur undir viðmiðunarmörk fyrir váhrif á vinnustöðum
 - efni í blöndunni í styrk sem nemur 0,1% ef þau búa yfir PBT- eða vPvB-eiginleikum sbr. framangreint eða eru á listanum yfir efni sem kunna að verða skráð í XIV. viðauka (e. candidate list)

Fyrir framangreind innihaldsefni skal skrá:

- Heiti efnisins
- REACH skráningarnúmer
- EB-númer (e. EC number) ef það liggur fyrir

- Styrk með
 - a) nákvæmum hundraðshlutum af massa eða rúmmáli í lækandi röð, ef tæknilega mögulegt,
 - b) hundraðshlutabletum af massa eða rúmmáli í lækandi röð, ef tæknilega mögulegt.
 Ef notuð eru hundraðshlutablet skal hættuflokkun blöndunnar miðast við hæsta styrk hvers innihaldsefnis.
- Flokkun efnisins skv. CLP, þ.m.t. kóða fyrir hættuflokk eða -flokka og undirflokk eða -flokka og hættusetningar eða kóða þeirra. Ef notaður er kóði setninganna skal vísa í 16. lið Öryggisblaðsins og skrá þar orðréttan texta hvernar viðkomandi hættusetningar. Ef efnið hættuflokkast ekki skal leggja fram ástæðu þess að efnið er tilgreint í lið 3.2.

16. LIÐUR: Aðrar upplýsingar

Hér skulu koma fram aðrar upplýsingar sem ekki eru teknar með í 1. til 15. lið t.a.m. um endurskoðun öryggisblaðsins. Meðal þess sem koma skal fram undir þessum lið er:

- Upplýsingar um breytingar frá fyrri útgáfu ef um endurskoðað öryggisblað er að ræða og, ef við á, skýringar á breytingunum nema greint hafi verið frá þeim annars staðar í blaðinu.
- Orðréttur heildartexti hættu- og/eða varnaðarsetninga sem vísað hefur verið til annars staðar í öryggisblaðinu hafi þær ekki verið ritaðar fullum fetum í 2. til 15. lið.
- Tilvísanir í aðalheimildir og viðeigandi gögn.
- Í tilfalli blöndu skal tilgreina hvaða aðferð var notuð við að hættuflokka blönduna.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 11.4.2022, þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með efnavörum, nánar tiltekið hættulegum vörum til þrifa og viðhalds bifreiða sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag og var markmið þess að skoða hvort flokkun og merkingar vörunnar sem féll undir umfang eftirlits væru í samræmi við núgildandi reglugerðir og hvort umbúðir vörunnar uppfylli kröfur reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir CLP, og reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni. Einnig var skoðað hvort öryggisblöð fyrir vöruna samræmist kröfum reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtalin vara sem fellur undir umfang eftirlitsins var skoðuð:

Vara	Strikamerki
Deka Tjöru- og olíuhreinsir (4 L)	5694310591560

FRÁVIK⁹

Vara	Lýsing	Birgir ¹⁰

⁹ Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lögum eða reglugerðum

¹⁰ Framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifandi með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem setur efni á markað, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum.

<p>Deka Tjöru- og olúhreinsir</p>	<p>Eftirfarandi merkingaratriði þarf að lagfæra á umbúðum varanna sem til eru á vörulager fyrirtækis sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. <i>Hættumerki</i> í samræmi við d)-lið 1. mgr. 17. gr., 19. gr. og töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka. <ol style="list-style-type: none"> a) Úrelt hættumerki á hluta af vörunum í verslun Múrbúðarinnar þarf að uppfæra. b) Stærð hættumerkja á nýrri miðum eru of lítil, en þau mælast 10x10 mm en skulu að lágmarki vera 23x23 mm 2. <i>Hættusetningar</i> í samræmi við hættuflokkun sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr. <ol style="list-style-type: none"> a) Hættusetningin (H373): „Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif“ ásamt upplýsingum, ef þær liggja fyrir um líffæri sem verða fyrir áhrifum og váhrifaleið vantar á nýrri gerð miðans. b) Hættusetningin (H336): „Getur valdið sljóleika eða svima“ vantar á nýrri gerð miðans. c) Hættusetning (H225): „Mjög eldfimur vökvi og gufa“ í stað hættusetningar (H226) „Eldfimur vökvi og gufa“. 3. <i>Varnaðarsetningar</i> í samræmi við hættuflokkun sbr. g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr. 4. <i>Áþreifanlega viðvörðun</i> í samræmi við hættuflokkun (H225, H304 og H373) sbr. lið 3.2 í II. viðauka CLP. 5. Forsendur og rökstuðning flokkunar Alcohols, C9-11, ethoxylated samkvæmt CLP. Miðað við styrk efnis í blöndu, 	<p>Múrbúðin ehf.</p>
-----------------------------------	---	----------------------

	<p>ætti efnið að hættuflokkast (H319 eða H318).</p> <p>Öryggisblað</p> <p>6. Uppgefið REACH skráningarnúmer fyrir innihaldsefnið <i>Alcohols, C9-11, ethoxylated</i> vísar til skráningar sem milliefnis. Ekki er heimilt að nota efni sem aðeins eru skráð sem milliefni til annars en áframhaldandi hvarfs. Að auki hefur framleiðandinn sem skráður er fyrir númerinu hætt framleiðslu. Skráningarnúmerið þarf að uppfæra eða fjarlægja eftir því sem við á.</p> <p>7. Í 16. lið vantar tilvísanir í aðalheimildir og gögn. Í mörgum tilfellum eru helstu heimildir, aðrar en texti viðeigandi reglugerða, upplýsingar úr öryggisblöðum fyrir mismunandi innihaldsefni og upplýsingar úr flokkunar- og merkingaskrá Efnastofnunar Evrópu.</p>	
--	--	--

ÁBENDINGAR

UFI-kóði

Við minnum á UFI-kóðann sem var innleitt sem merkingaratriði skv. CLP frá 1. janúar 2021, í því skyni að eitrunarmiðstöðvar geti auðveldlega greint tiltekna blöndu í neyðartilvikum:

<https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-og-merking/ufi-kodar-fyrir-efnablondur/>

Nýjar kröfur um öryggisblöð frá 1. janúar 2023

Kröfum um innihald og snið öryggisblaða í II. viðauka við REACH var breytt með reglugerð (ESB) 2020/878. Til loka árs 2022 er heimilt að dreifa öryggisblöðum sem uppfylla kröfur eldri útgáfu II. viðauka sem birt var í reglugerð (ESB) 2015/830. **Frá 1. janúar 2023 skulu öll öryggisblöð uppfylla nýju kröfurnar.** Lesið nánar um þetta á vef Umhverfisstofnunar:

<https://ust.is/atvinnulif/efni/oryggisblod/nyjar-krofur-wardandi-oryggisblod>

Verkfæri til að auðvelda hættumerkingar

Vakin er athygli á því að á vefsíðu Umhverfisstofnunar má nálgast verkfæri sem útbúið var af stofnuninni til að auðvelda þeim sem vinna við gerð umbúðarmerkinga skv. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna að fletta upp stöðluðum texta hættu- og varnaðarsetninga. Verkfærið má nálgast á eftirfarandi slóð:

[https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/haettumerkingar-efnavara-
verkfaeri.html](https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/haettumerkingar-efnavara-
verkfaeri.html)

Reykjavík, 13.7.2022

Fífa Konráðsdóttir